

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/29

nr. 29/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB frá 25. október 2012 um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum ⁽¹⁾.
- 2) Gerðirnar, sem eru skráðar undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XVII. viðauka við EES-samninginn, skulu endurtölusettar af hagkvæmniástæðum.
- 3) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir 10 (ályktun ráðsins 92/C 138/01) og 11 (orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1992) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ skulu endurtölusettir sem liðir 1 og 2.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 9h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB):

„10. **32012 L 0028**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB frá 25. október 2012 um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum (Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkin skulu taka þátt í einum rafrænum gagnagrunni sem er aðgengilegur almenningi og samhæfingarskrifstofa innri markaðarins kom á fót og um getur í 6. mgr. 3. gr. EFTA-ríkin skulu standa straum af kostnaði við þýðingu á íslensku og norsku, eftir því sem þörf er á.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin, skal dagsetning beitingar sem um getur í 8. gr. vera gildistöku-dagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2015 frá 25. febrúar 2015.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/28/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 5.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.